

Sp.

101. Fyrirspurnir.

[82. mál]

I. Til sjávarútvegsmálaráðherra varðandi skipulagningu fiskveiða með netjum.

Frá Jóni Árnasyni.

Hvað líður framkvæmd þeirrar þingsályktunar, er Alþingi samþykkti 15. febr. 1961, um skipulagningu fiskveiða með netjum?

II. Til raforkumálaráðherra um rannsókn á virkjunarskilyrðum Jökulsár á Fjöllum o. fl.

Frá Karli Kristjánssyni, Jónasi G. Rafnar og Birni Jónssyni.

1. Hversu langt er á veg komin framkvæmd á ályktun Alþingis 22. marz 1961 „um að undirbúa virkjun Jökulsár á Fjöllum til stóriðju“?
2. Hve miklu fé hefur verið varið til rannsókna vegna virkjunar Jökulsár á Fjöllum og áætlunargerðar í því sambandi:
 - a. áður en þingsályktunin var samþykkt,
 - b. eftir að ályktunin var samþykkt?
3. Hefur verið rannsakað, hvar hagfelldust er útflutningshöfn fyrir vöru, er unnin yrði með orku frá virkjun Jökulsár?
4. Hve miklu fé hefur verið kostað til rannsókna og áætlunargerðar um virkjun einstakra vatnsfalla hérlendis — hvers fyrir sig — annarra en Jökulsár á Fjöllum, síðan þingsályktunin 22. marz 1961 var samþykkt?